

Fundargerð

stjórnarfundar Félagsbústaða haldinn þriðjudaginn 16. maí 2024 kl. 15.00 á skrifstofu félagsins Þönglabakka 4

Mætt: Ellý Alda Þorsteinsdóttir, Kjartan Magnússon, Magnús Davíð Norðdahl, Ragnheiður Halldórsdóttir, Hannes Frímann Sigurðsson og Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð. Ingunn Ólafsdóttir og Kristín Henley Vilhjálmisdóttir frá Innri endurskoðun voru gestir fundarins undir örðum dagskrárlið og Kristinn Karel Jóhannsson sat fundinn undir öðrum og þriðja dagskrárlið.

1. Fundargerð stjórnarfundar 24. apríl

Lögð var fram fundargerð stjórnarfundar 24. apríl sl.
Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Árshlutauppgjör fyrsta ársfjórðungs 2024

Árshlutauppgjör fyrsta ársfjórðungs ásamt skýrslu um niðurstöðu þess með samanburði við fjárhagsáætlun ársins og fundargerð áhættunefndar sem fjallaði um uppgjörið á fundi sínum fyrr í vikunni. Uppgjörið var kynnt og rætt.
Uppgjörið var samþykkt og undirritað.

3. Samkomulag við innri endurskoðun: endurnýjun

Fyrir fundinum lá samkomulag milli Innri endurskoðunar og Félagsbústaða frá 2018 um reglubundna vinnu við innri endurskoðun. Fulltrúar IE fóru yfir samkomulagið og samstarf milli Félagsbústaða og IE almennt.
Samþykkt að á ágústfundi verði lögð fram drög að 2ja ára innri endurskoðunaráætlun.

4. Sjálfbærni félagsins og skýrsla vinnuhóps: trúnaðarmál

Skýrsla vinnuhópsins sem farið var yfir á síðasta stjórnarfundinum lá fyrir og greint var frá fundi með borgaryfirvöldum vegna hennar. Formleg viðbrögð við niðurstöðum og tillögum sem fram koma í skýrslunni liggja ekki fyrir.

5. Skýrsla um starfsemi fyrsta ársfjórðungs

Farið var yfir skýrsla um helstu atriði í starfsemi félagsins fyrsta ársfjórðungs og hún rædd.

6. Nýbyggingar Félagsbústaða áherslur: minnisblað

Fyrir fundinum lá minnisblað þar sem farið er yfir ferli við nýbyggingar stakstæðra húsa. Minnisblaðinu er ætlað að vera grundvöllur umræðna og til frekari mótunar áherslna við byggingu stakstæðra íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.
Stjórn óskaði eftir greiningu og samanburði á fjárfestinga- og rekstrarkostnaði ólíkara eininga.

7. Fundargerð áhættunefndar

Fundargerð fundar áhættunefndar 14. maí sl. var lögð fram.

8. Könnun meðal leigjenda Félagsbústaða

Kynningunni var frestað til næsta fundar.

Fleira ekki get. Fundi slitið kl. 17.50

Elly Alda Þorsteinsdóttir

Hannes Frímann Sigurðsson

Kjartan Magnússon

Magnús Davíð Norðdahl

Ragnheiður Halldórsdóttir